



Til: bæjarráðs
Frá: mannauðsstjóra

Eftirfarandi fyrirspurn var lögð fram í bæjarráði 8. janúar 2025:


2309164 - Mannauðsmál Hafnarfjarðarbæjar, fyrirspurnir

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá. Í ljósi nýlegra fréttu um fjarvistir hjá bæjarfélögum á höfuðborgarsvæðinu á umliðnum árum, er óskað eftir upplýsingum um stöðu þeirra mála hjá Hafnarfjarðarbæ. Farið er fram á sundurliðun eftir sviðum bæjarins, sem og yfirliti yfir ráðstafanir og aðgerðir mannauðsdeildar til að bregðast við stöðu mála.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá samanburð milli ára á heildarveikindum starfsfólks hjá Hafnarfjarðarbæ síðust fjögur ár. Þegar tölfræðin er borin saman milli ára sést að við erum á réttri leið og erum að ná árangri í því að ná niður veikindafjarvistum.

ÁR	Veikindahlutfall Hafnarfjarðarbæjar 2022-2025
2022	8,3%
2023	7,7%
2024	7,9%
2025	7,3%

Á myndinni hérna fyrir neðan má sjá skiptingu milli sviða 2023-2025





Hafnarfjörður

- Skammtímaveikindi árið 2024 voru 4,8% og hækkuðu í 5,2% árið 2025
- Langtímaveikindi árið 2024 voru 3,0% og lækkuðu í 2,1% árið 2025

Í ljósi góðs árangurs í lækkun langtímaveikinda verður áherslan næstu mánuði á að vinna í að ná niður skammtímaveikindum ásamt því að viðhalda áframhaldandi lækkun langtímaveikinda.

Yfirliti yfir ráðstafanir og aðgerðir mannaúts- og launadeildar til að bregðast við stöðu mála.

Í byrjun mars næstkomandi verður sett af stað 18 mánaða vegferð að bættri heilsu og betri líðan sem kallast **Velliðan í starfi**. Á stjórnendadegi 26. febrúar næstkomandi verður verkefnið kynnt fyrir öllum stjórnendum Hafnarfjarðarbæjar. Stjórnendur kynna síðan verkefnið á sínum vinnustöðum. Verkefnið er samvinnuverkefni allra sem starfa hjá Hafnarfjarðarbæ enda eru fjarvistir mál okkar allra. Kynntur verður aðgerðarpakki til að styðja við starfsfólk og stjórnendur.

Aðgerðarpakinn innifelur meðal annars:

1. Bjóða tveimur vinnustöðum upp á að taka þátt í tilraunaverkefni sem felst í ítarlegum heilsufarsmælingum og eftirfylgni í 12 mánuði, verkefnið verður unnið af læknum
2. Sérstakt **viðveruferli** verður sett af stað í samvinnu við trúnaðarlæknaþjónustuna okkar fyrir það starfsfólk sem er oft fjarverandi vegna skammtímaveikinda (með hátt gildi á Bradford staðli)
3. Örari mælingar á starfsánægju og líðan starfsfólks með notkun púlsmælinga
4. Auka heilsutengda fræðslu og forvarnir
5. Styrkja stjórnendur í viðverustjórnun með fræðslu og þjálfun
6. Virkni-viðburði fyrir starfsfólk sem hefur verið lengi í langtímaveikindum
7. Aukin áhersla í árlegri vinnustaðagreiningu á spurningar um líðan og starfsaðstæður starfsfólks
8. Hugmyndabanki fyrir starfsfólk og margt fleira...

Hvað varðar vinnu sveitarfélagsins undanfarin ár við að draga úr veikindafjarvistum þá hefur markvist verið unnið í eftirfarandi verkefnum sem miða að því að draga úr veikindum.

Verkefnin eru leidd af mannaútsstjóra og mannaústeymi Hafnarfjarðarbæjar:

- a) Mannaústeymið þróaði og tók í notkun mælaborð fyrir stjórnendur á árinu 2024 sem sýnir tölfræði um þróun veikindamála. Markmið mælaborðsins er að efla yfirsýn, gagnsæi og ábyrgð í stjórnun veikindamála innan sveitarfélagsins. Með því að veita stjórnendum rauntímaupplýsingar um þróun skammtíma- og langtímaveikinda er þeim gert kleift að greina mynstur, bregðast tímanlega við og styðja markvisst við starfsfólk.



Hafnarfjörður

Stjórnendur fá senda skýrslu mánaðarlega um stöðu mála þar sem þeim gefst tækifæri á að grípa einstök veikindamál ef þess er talin þörf.

- b) Verkefnið Heilsuefandi vinnustaður var ýtt úr vör í maí 2022. Þar var málefni heilsu, vellíðan og velferð starfsfólks sett á dagskrá. Eftirfarandi verkefni styðja m.a. við heilsuefandi vinnustað:
- Virk stefna gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustað til að tryggja öruggt og sálfélagslega heilbrigt starfsumhverfi hjá Hafnarfjarðarbæ
 - Áhersla á jafnvægi milli vinnu og einkalífs, sbr. 36 klst. vinnuvika og fjarvinnustefna
 - Heilsuræktarstyrkur og frítt aðgengi að sundlaugum sveitarfélagsins ásamt samgöngustyrk
 - Öllu starfsfólki stendur til boða gjaldfrjáls fræðsla um heilsu og líðan í rafrænu fræðslukerfi
 - Aðrir viðburðir sem er ætlað að efla geðheilsu og bæta líðan á vinnustað
- c) Starfsfólki stendur til boða velferðarþjónusta sem felur meðal annars í sér aðgang að trúnaðarlæknaþjónustu og eftir atvikum sálfræðiþjónustu. Þessi þjónusta er veitt af samstarfsaðilum okkar í Líf & Sál og trúnaðarlæknaþjónustu sveitarfélagsins.
- d) Þá hafa stjórnendur fengið fræðslu og leiðsögn um veikindamál og fjarveru starfsfólks, meðal annars í gegnum Leiðtogaskóla Hafnarfjarðarbæjar.